



Reykjavík 10.06.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 9. júní 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Ártúnshöfði iðnaðarsvæði

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða - iðnaðarsvæði. Breytingin felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Ártúnshöfða - Iðnaðarsvæði er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 11,5 ha.


Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 Vísað til borgarráðs.

Þráinn Hauksson frá Landslagi tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Sólveig Sigurðardóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Birkir Ingibjartsson og Ólafur Melsted taka sæti á fundinum með fjárfundarbúnaði.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjal: deiliskipulagsuppd. 20. apríl 2021.



Ártúnshöfði - lðnaðarsvæði, deiliskipulag

Breyting á deiliskipulagi

Hluti deiliskipulags felld út gildi

Deiliskipulagsbreyting þessi felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Ártúnshöfða - lðnaðarsvæðis er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 11,5 ha.

Það svæði sem fellur út er á milli Stórhöfða og lóða við Eldshöfða og Eirhöfða.

Suðurmörk þess svæðis sem fellur út úr deiliskipulagi liggja meðfram norðanverðum húshliðum bygginga sunnan Stórhöfða og meðfram austanverðum húshliðum bygginga austan Breiðhöfða. Norðurmörk svæðisins eru sunnan lóðarmarka við Eldshöfða 2, 9 og 10, sunna lóðarmarka við Eirhöfða 13, 15 og 17 og sunnan lóðarmarka við Breiðhöfða 13.

Minnkun skipulagssvæðisins er til að samræma mörk deiliskipulagsins við nýtt deiliskipulag íbúðarsvæðis á Ártúnshöfða sem nær yfir það svæði sem minnkunin nær til.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem samþykkt var í borgarstjórn 10. mars 1999, m.s.br.


Frá því deiliskipulagið öðlaðist gildi hafa verið gerðar á því 20 breytingar. Tvær þessara breytinga eru innan þess svæðis sem fellur út við breytingu á deiliskipulagi en þær eru eftirfarandi:

- Breiðhöfði 10
 - Samþykkt 20.02 2000 og öðlaðist gildi 30.03 2000
- Breiðhöfði 11A
 - Samþykkt 11.02 2011 og öðlaðist gildi 18.03 2011

Deiliskipulagsuppráttur sýnir upphaflegt deiliskipulag en ekki þær breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulagi síðan það öðlaðist gildi. Uppdrátturinn sýnir því aðeins hvernig mörk deiliskipulagsins breytast en er ekki uppfærður deiliskipulagsuppráttur.

Samræmi við aðrar áætlanir

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030.



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

SKÝRINGAR	
	mörk skipulagssvæðis
	lóðarmörk
	byggingar með samþykki skipulagsyfirvalda
	byggingar ekki samþykktar af skipulagsyfirvöldum
	l. 0.000m ²
	l. 0.000m ²
	græn svæði - trjárákt
	biðstöðvar strætisvagna SVR
	helstu gögnleiðir og stígar
	gatakerfi
	almenn bílastæði
	framfóðarlega Ósabrautar samkvæmt skipulagi
	ónotaðir bygginareitir

0 50 100 150 200
1:2000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í

samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var

samþykkt í _____ þann _____

Tillagan var auglýst frá _____

með athugasemdafrestri til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____

REYKJAVÍKURBORG

ÁRTÚNSHÖFÐI LÐNAÐARSVÆÐI

BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA

KVARDI-A1: 1:2000	TEIGN NR:
DAGS: 20.04.2021	HANNAÐ: ÓI
FLOKKUR: 0000	TEIGNAÐ: ÓI
SKRÁ	VERKNR: 21064



LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA

SKOLAVORBUSTUÐ 11 - 101 REYKJAVÍK - Sími: 535 5300

KAUPANGI VIMYRARVEG - 600 AKUREYRI - Sími: 460 4440

WWW.LANDSLAG.IS LANDSLAG@LANDSLAG.IS